

## 2. Þrjú ólík hlutverk aðstoðarfólks

Í rannsókninni greindust þrjú ólík hlutverk aðstoðarfólks í námi notanda. Þessi hlutverk geta líka átt við í öðrum aðstæðum daglegs lífs:

**Milliliðurinn** er fyrst og fremst að túlka og auðvelda samskiptin á milli notanda og kennara. Hlutverk hans byggir á því að hann þekkir oft notanda betur en kennarinn og hann getur þar með túlkað tjáningu notanda og leiðbeint kennaranum með hvernig notanda finnst best að gera hlutina. Hann getur líka túlkað það sem kennarinn segir fyrir notanda, t.d. með því að nota orð sem notandi þekkir betur eða koma skilaboðum á annað form, s.s. myndrænt eða skriflegt, eftir því hvað hentar notanda best. Milliliðurinn tengist því bæði notanda og kennara og lítur á það sem sitt hlutverk að auðvelda samstarfið á milli þeirra tveggja.

**Stuðningsaðilinn** er fyrst og fremst til staðar til þess að veita notanda öryggi í aðstæðunum. Hlutverk hans byggir á því að hann eigi náð samband við notanda sem einkennist af trausti, væntumþykju og einlægum áhuga og hann veit þar með hvernig er best að bregðast við ef notandi upplifir óöryggi í þeim oft krefjandi aðstæðum sem námið getur verið. Stuðningsaðilinn tengist því aðallega notanda og lítur á það sem sitt hlutverk að hjálpa honum til að líða vel í aðstæðunum svo hann geti tekið þátt.

**Hinn hlutlaus fylgdarmaður** sér fyrst og fremst um að koma notanda á staðinn og aðstoða hann við praktíska hluti og lítur að öðru leyti ekki á sig sem hluta af námsaðstæðunum. Hlutverk hans getur í sumum tilfellum falist í því að vera tilbúinn að grípa inn í aðstæðurnar ef notandi sýnir viðbrögð sem trufla kennsluna á einhvern hátt. Hinn hlutlaus fylgdarmaður lítur á það sem sitt hlutverk að passa upp á að kennslan geti farið fram án truflunar en hann tengist hins vegar hvorki notanda né kennara og hann gerir ekkert til að stuðla að virkri þátttöku notanda.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að milliliðurinn og stuðningsaðilinn geti frekar stuðlað að virkri þátttöku notanda í náminu. Hins vegar er hætta á því að notandi missi af tækifæri til þátttöku ef aðstoðarfólk hans tekur hlutverk hins hlutlausa fylgdarmanns og ekki er tryggt að notandi fái aðstoð við að tjá sig og finna fyrir öryggi. Það er því mikilvægt að aðstoðarfólk sé meðvitað um hvaða hlutverk það tekur sér og að því sé gert kleift að taka hlutverk milliliðsins eða stuðningsaðilans:

**Verkefni:** Hvert og eitt hugsar um sína eigin reynslu sem aðstoðarmanneskja í námi eða daglegu lífi notanda. Farið hring í starfsmannahópnum og reynið hvert og eitt að svara eftirfarandi spurningum:

- Geturðu skilgreint þig sem milliliður, stuðningsaðili eða hlutlaus fylgdarmaður?
- Prófaðu að gefa dæmi um aðstæður þar sem þú fórst í hlutverk milliliðsins, stuðningsaðilans eða hins hlutlausa fylgdarmanns.
- Hvað vantar þig til þess að geta oftari tekið hlutverk milliliðsins eða stuðningsaðilans? (t.d. þekkingu, færni, vinnuaðstæður...)